

Ár 2014, fimmtudaginn 6. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Lánasjóði sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014.

Í bréfinu er auglýst eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga en kosning fer fram á aðalfundi félagsins sem verður haldinn þann 27. mars næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Gagnaveitu Reykjavíkur frá 4. mars 2014.

Í bréfinu er kynnt að áætlað er að ljósleiðaravæðing í Hveragerði ljúki á þessu ári þannig að öll hús í þéttbýli Hveragerðis verði tengd ljósleiðara fyrir næstu áramót.

Bæjarráð fagnar áformum Gagnaveitu Reykjavíkur um hraða uppbyggingu ljósleiðaranetsins í bæjarfélaginu. Í dag eru 312 heimili tengd ljósleiðarakerfinu en þau 674 heimili sem eftir eru geta notið þjónustu um ljósleiðara í lok árs.

Bæjarráð óskar eftir að Gagnaveita Reykjavíkur haldi kynningarfund fyrir íbúa þar sem þessi áform verða kynnt og fjallað verði um þá þjónustu sem í boði er.

1.3. Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss frá 25. febrúar 2014.

Í bréfinu er óskað eftir samningi við Hveragerðisbæ þannig að íbúar í norður Ölfusi fái aðgengi að gámasvæði í Hveragerði.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en samþykkir að fela umhverfisfulltrúa að ræða við bréfitara um nánari útfærslu á þjónustunni samhliða breytingum sem verða munu á sorphirðu og gámasvæði þann 1. apríl nk.

1.4. UMFÍ Frá 28. febrúar 2014.

Í bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016.

Bæjarráð felur íþrótta og tómsfundafulltrúa að ræða við forsvarsmenn Íþróttafélagsins Hamars um þann möguleika að mótið verði haldið í Hveragerði.

1.5. **UMFÍ frá 28. febrúar 2014.**

Í bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 20. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2017.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga ódagsett.**

Í bréfinu er kynnt niðurstaða viðhorfskönnunar sem SASS stóð nýlega fyrir um viðhorf Sunnlendinga um gjaldtöku í ferðapjónustu.

Lagt fram til kynningar.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Umsókn um Varmahlíð 17 frá 20. febrúar 2014.**

Torfi Smári Traustason og Sigfríður Sigurgeirsdóttir sækja um lóðina Varmahlíð 17.

Bæjarráð fagnar áhuga bréfitara en þar sem lóðin hefur aldrei verið auglýst laus til umsóknar þá felur bæjarráð skipulags- og byggingafulltrúa að auglýsa lóðina lausa til umsóknar.

2.2. **Lóðarumsóknir Dalsbrún 28-34 og 36-42.**

Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir viku af fundi meðan á afgreiðslu liðarins stóð. Í stað Unnar tók Aldís Hafsteinsdóttir sæti á fundinum.

Eyþór H. Ólafsson varaformaður tók við stjórn fundarins.

Alls bárust 5 umsóknir um lóðina Dalsbrún 28-34 og 7 umsóknir um lóðina Dalsbrún 36-42.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi samhljóða:

Í reglum um úthlutun lóða í Hveragerði frá 9. október 2003 kemur fram að við úthlutun lóða fyrir par-, rað-, og fjölbýlishús eru allar umsóknir að jafnaði jafnréttáar. Ennfremur kemur fram í almennum kafla í sömu reglum að umsækjendur skuli að jafnaði leggja fram fylgiskjöl sem umsækjandi telji að geti komið honum að gagni við lóðarúthlutun.

Með umsókn Jarlhettna ehf fylgir nokkuð ítarleg greinargerð um íbúðirnar sem fyrirhugað er að byggja og um áform fyrirtækisins í Dalsbrún.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að félagið óski eftir að fjölga

Íbúðum um 1 í hvorri lengju þar sem 7 af 10 íbúðum eru þegar fráteknað af ungu fólki í Hveragerði.

Greinargerðinni fylgdi einnig staðfesting á bankaviðskiptum frá Landsbanka Íslands sem og grunnmynd og þrívíddarteikningar af fyrirhuguðum íbúðum.

Í ljósi framangreinds metur bæjarráð umsókn Jarlhettna ehf rétt hærrí en annarra umsækjenda, enda lögðu aðrir umsækjendur ekki fram viðlíka gögn með umsóknum sínum. Því samþykkir bæjarráð að úthluta báðum lóðunum til fyrirtækisins Jarlhettna ehf, kt. 620313-0920.

Bæjarráð veur athygli á því að fleiri rað- og parhúsaloðir eru lausar til umsóknar í Dalsbrún og þar eru því ríkir möguleikar á lóðum fyrir þá sem ekki fá úthlutað nú.

Unnur Þormóðsdóttir tók aftur við stjórn fundarins.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Verðskrá fyrir byggingargjöld í Hveragerði 2014.

Lögð fram verðskrá fyrir byggingargjöld í Hveragerði sem gildir frá 1. mars til 31. desember 2014.

Lagt fram til kynningar en gjaldskráin hefur áður verið samþykkt.

3.2. Samningur v/ upplýsingamiðstöðvar, ódagsett 2014.

Lagður fram samningur milli Ferðamálastofu og Hveragerðisbæjar um skilyrtan styrk til reksturs upplýsingamiðstöðvar 2014.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

4. Framtíðarsýn og möguleikar:

4.1. Tilboð frá Capacent.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í spurningavagni Gallup. Kostnaður rúmast innan þess fjárhagsramma sem bæjarráð hefur til ráðstöfunar.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. Héraðsnefnd Árnesinga frá 11. febrúar 2014.
- 5.2. SASS frá 20. febrúar 2014.
- 5.3. Sorpstöð Suðurlands frá 27. febrúar 2014.
- 5.4. Tónlistarskóla Árnesinga frá 28. janúar 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:59

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)